



Reykjanesbær, 27. janúar 2020

**Hr. Gunnar Kristinn Ottósson**  
**skipulagsfulltrúi,**  
**Reykjanesbæjar,**  
**Tjarnargötu 12,**  
**230, Reykjanesbæ.**

**Varðar: Bolafótur 21, 23, 25 og 27, Reykjanesbæ – skipulagsmál - fyrirspurn**

Eins og kunnugt er hefur fyrirtækið S3 ehf. komist að samkomulagi við HS veitur um að fyrirtækið afsali sér lóðunum Bolafæti 21, 23, 25 og 27, Reykjanesbæ, sbr. nýja uppskiptingu lóðarinnar, þar um, til S3 ehf.

Eftir mun þá standa hjá HS veitum Bolafótur 19, sem þjónar áfram starfssemi þeirra.

Hinar nýju lóðir Bolafótur 21, 23 og 25, eru samkvæmt skipulagi ætlaðar undir athafnasvæði (AT8) en nr. 27 sem opið svæði (OP13 – SL4).

Að áeggjan íbúa í námunda við ofanefndar lóðir þá er þeirri spurningu beint til skipulagsyfirvalda Reykjanesbæjar, hvort unnt sé að gera breytingar á núverandi Aðalskipulagi, þannig að í stað athafnarsvæðis þá verði lóðirnar Bolafótur 21, 23, 25 og 27, skilgreindar sem miðsvæði fyrir íbúðarsvæði sem tengjast myndu íbúðarsvæðinu Móhverfi (ÍB6).

Þeirri spurningu er einnig varpað fram að ef ekki mögulegt t.d. með m.t.t. hljóðvistar og eða öryggissvæðis vegna nálægðar við flugbrautir Keflavíkurflugvallar, að breyta nefndum lóðum í miðsvæði, hvort unnt sé að breyta lóðinni Bolafæti 27, í athafnarsvæði og eða hluta hennar, þar er hún er enn skilgreind sem opið svæði (OP13 – SL4).

Rétt og skylt er einnig að geta þess að fyrstu viðræður félagsins S3, við HS veitur og Landeigendur Ytri Njarðvíkur með Vatnsnesi, vörðuðu einungis lóðirnar Bolafót 21, 23 og 25. Á síðari stigum og við frekari skoðun Skipulagsfulltrúa og starfsmanna hans kom í ljós að lóðin Bolafótur 27, var einnig meðfylgjandi.

Það er von okkar að okkur verði ljóst við fyrsta hentugleika viðhorf skipulagsyfirvalda Reykjanesbæjar þannig hægt verði að færa fyrirhugað verkefni í réttan farveg, allt eftir þeim svörum berast munu.

Virðingarfyllst,

f.h. S3 ehf,

Stefán Thordersen,  
Framkvæmdarstjóri.

Afrit sent til upplýsingar: Árni Óskarsson hjá Landeigendur Ytri Njarðvíkur með Vatnsnesi.